

Aðalfundur

Skagafjarðarveitna ehf, fyrir árið 2003, haldinn 17. ágúst 2004 kl. 15:30 að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Skýrsla stjórnar:

Góðir fundarmenn.

Verkefni Skagafjarðarveitna starfsárið 2003 voru margvísleg og mörg þeirra þörfuðust skjótrar afgreiðslu. Skuldsetning er hins vegar mikil og það setur fyrirtækinu óhjákvæmilega nokkrar skorður hvað varðar framkvæmdir.

Veltan á starfsárinu varð 135,5 milljónir og hagnaður 12,7 m. sem er nokkru minni en árið áður, en þá varð hann 23,9 m. Þessar tölur verða útskýrðar nánar í öðrum dagskrárlíð.

Framkvæmdir veitnanna voru í stórum dráttum þessar:

Stofnlögn var lögð að lðutúni þannig að sú gata bíður nú tilbúin fyrir væntanlega lóðarhafa. Endurnýjuð var stofnlögn fyrir Geldingaholtsbæina og stofninn frá Varmahlíð að Víðiholti. Þá voru lagðar lagnir í nýtt smáhúshverfi við Einimel, ofan við Varmahlíð.

Áhaldahúsið, sem nú er hús veitnanna, þarfnaðist viðhalds og breytinga sem óhjákvæmilegar voru vegna breyttrar starfsemi. Alls varð kostnaður við áðurnefnda liði um 20 millj.

Afskriftir á kröfum á starfsárinu urðu 3,3 milljónir og var þar um að ræða kröfur, bæði á einstaklinga og fyrirtæki.

Varðandi borun við Kýrholt þá verðum við enn að sýna þolinmæði og vænta hins besta. Ekki var unnið þar eins og áætlað hafði verið, meðal annars vegna aðstæðna sem upp komu hjá verktakanum. Þetta skýrir það að ekki voru tekin þau lán á árinu sem fyrirhugað var að taka. Verktakinn kom hins vegar tvífeldur til starfa nú í sumar, en skýrsla af þeirri framkvæmd bíður til næsta aðalfundar.

Til upprifjunar fyrir okkur um kostnað vegna borholunnar í Kýrholti er rétt að geta um eftirfarandi:

Endurskoðuð fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að kostnaður yrði 32 milljónir sem er bæði í formi lána og styrkja. Heildarkostnaður Skagafjarðarveitna, þ.e. ef það finnst nægjanlegt magn af heitu vatni sem þarf til húshitunar á Hofsósi, verður 25 milljónir, ef hins vegar framkvæmdin misheppnast, verður hlutur veitnanna 5 milljónir. Mismunurinn er víkjandi lán frá Orkusjóði skv. lögum sem í gildi eru.

Þann 8. nóvember var haldið upp á 50 ára afmæli Hitaveitu Sauðárkróks, það var í febrúar árið 1953 sem í fyrsta sinni var leitt heitt vatn í hús á Króknum.

Veitustjórn tók ákvörðun um að minnst þessa atburðar og blés til veislu. Ýmsar framkvæmdir voru samfara þessu og var fjárfest fyrir u.þ.b. 3 milljónir.

Þess má einnig geta að þennan dag var opnuð heimasíða Skagafjarðarveitna sem gefur margvíslegar upplýsingar. Heimasíðan er í stöðugri vinnslu og þess má geta

að ákveðið hefur verið að gefa fólki kost á því að nálgast reikninga á tölvutæku formi og þar með lækka innheimtukostnað.

Þá var á haustmánuðum keypt nýtt bókhaldskerfi fyrir veiturnar og það tekið í notkun um síðustu áramót.

Á árinu 2003 voru haldnir 16 fundir. Það eru tvö málefni sem vert er að minnst hér sérstaklega á, þó svo engar framkvæmdir yrðu tengdar þeim. Fyrst skal þar nefna málefni Loðskinns sem kom inn á borð veitnanna í lok nóvember og varð þar mjög hröð atburðarás. Það mál verður ekki rakið hér, en ljóst að sitt sýnist hverjum þegar staðan er metin í dag.

Hitt málefnið, sem nokkuð hefur komið fyrir stjórnarfundum, er þreifingar íbúa í Akrahreppi um lagningu hitaveitu í Blönduhlíðina. Veitustjórn hefur átt gott samstarf við hreppsnefndina og er það ekki ofsagt að menn eru almennt sammála um að sú framkvæmd, að leggja hitaveitu í Akrahrepp, sé bæði skynsamleg og hagkvæm. Mun veitustjórn fá þetta málefni til sín á ný í haust og þá væntanlega með fullri alvöru.

Og í framhaldi af þessu málefni er vert að minnst á baráttumál, ekki bara Skagafjarðarveitna heldur fjölmargra annarra landsmanna sem hafa knúið á um að styrktartími vegna breytinga á húshitun, úr rafmagnskyndingu í hitaveitu, yrði að lágmarki 10 ára niðurgreiðsla og margir hafa nefnt hærri tölu í því sambandi.

Í desember s.l. gerðu stjórnvöld breytingu á þessum lögum og styrktíminn var lengdur úr 5 árum í 8 ár og er það vel, en margir telja það skammsýni yfirvalda að koma ekki auga á þá lyftistöng í byggðamálum að lengja viðmiðunartímabilið upp í t.d. 15 ár.

Þá má einnig nefna önnur lög sem ýmsar vatnsveitur um landið hafa beðið eftir og voru loks staðfest nú í sumarbyrjun, en þau lög koma inn á rekstur vatnsveitna sem hlutafélaga.

Þarf veitustjórn því að ganga frá þeim þætti við sveitarstjórn.

Í september árið 1912 var stofnuð vatnsveita á Sauðárkróki. Allt frá því þessar vatnslagnir voru lagðar hér á Króknum hafa menn ekki leitt hugann að því, að sú staðreynd gæti komi upp að í þessar lagnir vantaði vatn, en það er sú staða sem veiturnar standa frammi fyrir nú í dag.

Til upprifjunar þá gefur Veðramótsveitan okkur 25-35 sek.lít. og Molduxaveitan gefur 5-20 sek.lít. eftir árstíðum. Eðlileg neysla á Sauðárkróki fór upp í 45 sek.lítra, þannig að málin hafa blessast hjá okkur fram að þessu með þeim miðlunum sem fyrir hendi eru.

Síðastliðið haust var veitunni kynnt veruleg stækkun á rækjuverksmiðjunni Dögun eða að neyslan færi úr 18 í 30 sek. lítra.

Um svipað leyti kom einnig beiðni frá Háskólanum á Hólum, sjávarlíffræðisetri, sem staðsett er í gamla Skjaldarhúsinu á Króknum, þess efnis að um aukna vatnsnotkun yrði að ræða.

Þá er ótalið það vatnsmagn sem sláturhúsið þarfnast haust hvert og síðan hafa verið viðraðar hugmyndir frá Fiskiðjunni um vatnsnotkun fyrir sveltitanka vegna slátrunar á bleikju.

Sérfræðingur frá Orkustofnun hefur kortlagt svæðið kringum Sauðárkrók og hann hefur sagt okkur að næsta virkjunarsvæði sé í margra kílómetra fjarlægð með tilheyrandi kostnaði og framkvæmdartíma.

Veitustjórn tók ákvörðun um að leysa mál Dögunar með því að tengja Sauðána inná vatnstank veitunnar á Nöfum og er vatnið geislað fyrir afhendingu.

Á þessu eru þó annmarkar, því fyrirsjáanlegt er að þeir dagar muni koma, þar sem ekki verður hægt að afhenda vatn vegna óhreininda, t.d. í vorleysingum. Ofan á þennan vanda bætist sú staðreynd að lítil sem engin úrkoma hefur verið í vor og sumar og mjög snjólétt síðustu vetur.

Og þá eru líka fyrirsjáanleg vandamál í uppsiglingu varðandi kalt vatn í Steinsstaðahverfi með aukinni byggð og eftir því sem fleiri aðilar tengjast veitunni. Í þessum efnum verður stjórnin því fyrr en síðar að taka ákvörðun um úrbætur.

Árið 2003 er formlega séð fyrsta heila starfsár Skagafjarðarveitna, en fyrirtækið var stofnað í apríl 2002. Fyrirtækið hefur vaxið og dafnað eins og eigendur þess hafa gert ráð fyrir og hefur náð að leysa vel þau margvíslegu verkefni sem það hefur tekist á við, og enn bætist við verkefnaflóruna s.b. væntanlega sjóveitu.

Það er styrkur fyrirtækisins að það hefur góða starfsmenn og gott viðhorf viðskiptavina og er það markmið stjórnarinnar að svo megi áfram verða.

Sauðárkróki, 17. ágúst 2004
Sigrún Alda Sighvats, formaður stjórnar
Páll Pálsson, framkvæmdastjóri

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.